

Ed. 520. Frumvarp til laga [291. mál]

um leigunám gistiherbergja o.fl. vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkja-anna.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi dagana 3.–13. október 1986 öll gistiherbergi og funda- og veitingasali, ásamt tilheyrandi búnaði, í Hótel Esju, Hótel Holti, Hótel Loftleidum og Hótel Sögu í Reykjavík vegna fundahalda leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkja.

Um framkvæmd leigunámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um leigunám gistiherbergja o.fl. vegna fundar leiðtoga
Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að til að tryggja nauðsynlega aðstöðu vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna í Reykjavík dagana 11. og 12. október 1986 telji ríkisstjórnin brýna nauðsyn til að heimild fái til að taka leigunámi gistiherbergi og funda- og veitingasali í Hótel Esju, Hótel Holti, Hótel Loftleiðum og Hótel Sögu í Reykjavík dagana 3.–13. október 1986.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi dagana 3.–13. október 1986 öll gistiherbergi og funda- og veitingasali, ásamt tilheyrandi búnaði, í Hótel Esju, Hótel Holti, Hótel Loftleiðum og Hótel Sögu í Reykjavík vegna fundahalda leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

Um framkvæmd leigunámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. október 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.